



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 10. desember 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum – 55. mál.

Landgræðsla ríkisins tekur eindregið undir þau sjónarmið að öll jörðin Grímsstaðir á Fjöllum, þ.m.t. nýbýli út úr jörðinni, verði þjóðareign.

Grímsstaðir á Fjöllum, ásamt fleiri jörðum, tilheyra svokölluðum Hólsfjöllum. Hólsfjöll voru eitt af mestu uppblásturssvæðum landsins og var rofgeirinn og sandskaflarnir nærri kominn niður í byggð í Öxarfirði. Varnarstarf hófst 1944 með uppsetningu landgræðslugirðingar við Grímsstaði og 1954 og 1955 með girðingum á Hólssandi og við Sauðafell. Girt var við Nýhól og Hólssel 1959 og aftur á Grímsstöðum 1977. Sáð var í verstu uppblásturssvæðin og hraðfara jarðvegsrof stöðvað, þó gríðarleg verkefni biðu þar enn úrlausnar.

Hólsfjöll voru girt af í heild og friðuð fyrir búfjárbreit árið 1992, alls yfir 75 þús. ha lands, með um 47 km langri girðingu sem kom í stað annarra girðinga á svæðinu. Ástand lands á Hólsfjöllum var víða afar slæmt, mikið jarðvegsrof og auðnir.

Síðan Hólsfjöll voru friðuð hefur verið unnið þar að uppgræðslu á þúsundum hektara lands til að stöðva þann skelfilega uppblástur sem þar herjaði. Þá hefur beitarfriðunin ýtt undir landnám víðis, sem nú breiðist hratt út. Birki er einnig farið að dafna þar, bæði sjálfsáð og upp af góðursetningum. Gróðurlendi með birki, víði og öðrum smárunnum eru forsenda þess að geta veitt viðkæmum jarðvegi varanlega vörn gegn hvers kyns álagi á þessu stóra landssvæði.

Frá því Hólsfjöll voru tekin til friðunar hefur Landgræðslan ítrekað bent á mikilvægi þess að ríkisvaldið eignist alla Grímsstaðajörðina, sem og annað land þar sem uppblásturshættan er mest. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja svigrúm til aðgerða ef eitthvað ber út af með gróður á þessu viðkvæma svæði, s.s. vegna storma sem opna gróðursvörð á ný. Sama gildir ef stór hlaup verða í Jökulsá. Þau myndu skola sandi upp á bakka hennar og nærliggjandi svæði, sem síðan yrðu að sandöldum sem fjúka með vindi og eyðileggja allan gróður í framrás sinni. Mikið er í húfi að slíkt svigrúm til skjótra ráðstafana sé fyrir hendi, ekki síst í ljósi þess að hundruðum milljóna hefur verið varið til að takast á við eyðingaröflin á þessum slóðum á undanförunum áratugum.


Grímsstaðir hafa mikið gildi til útivistar og fræðslu fyrir almenning. Þar er að finna ógnvænleg dæmi um jarðvegseyðingu liðinna alda en jafnframt vitnisburð um glæsilegan árangur landgræðslustarfs undanfarinna áratuga. Auk þess tengist svæðið ríkisjörðinni Hólsseli og þar með þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum. Ofar með ánni tekur við gríðarlega stór lönd ríkisjarðanna Víðidals og Möðrudals. Mikilvægt er að allt land með austurbakka Jökulsár ofan byggðar sé í ótvíræðri eigu ríkisins. Frá sjónarhóli landgræðslu er það m.a. vegna þess að meginfokátt sands og leirs úr ánni er til norð-austurs.

Þá má þess og geta að land Grímsstaða á Fjöllum fellur að mestu leiti í rofflokka 3, 4 og 5. Í reglum um ráðstöfun ríkisjarða á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, nú fjármála- og efnahagsráðuneytisins, segir í 1.ml. 5. gr:¹

„Stefna ráðuneytisins er að selja að jafnaði ekki land þar sem jarðvegsrof er metið í rofflokka 3, 4 og 5 samkvæmt rofskala Landbúnaðarháskólu Íslands og Landgræðslu ríkisins.“

Á sömu forsendum og að almennt skuli ekki selja ríkisland sem fellur í efstu rofflokka - 3, 4 og 5 mætti að breyttu breytanda halda því fram að æskilegt væri að ríkið keypti land í þessum flokkum til að tryggja hagsmuni gróðurs og jarðvegs til framtíðar. Þetta getur a.m.k. vel átt við um land Grímsstaða í ljósi þess sem fram kom hér frammar í umsögn Landgræðslu ríkisins.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins



Sveinn Runólfsson,
landgræðslustjóri.

¹ http://www.fjarmalaraduneyti.is/log_og_reglugerdir/nr/15930